

LÖGMANNABLAÐIÐ



1. árg.

1/1995

Fylgt úr hlaði • 3

Hemlaför • 4

Úr gömlum gerðarbókum • 5

Af Merði lögmanni • 6

ESB-stólpinn og EES-flísinn • 7

Skylduaðild • 9

Á netinu • 10

Tvíæringur IBA í París • 11

Virðisaukaskattur og gjaldþrotabú • 12

Auka-aðalfundur L.M.F.Í. 31. október 1995 • 14

Dómar • 15

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Ástráður Haraldsson, hrl.

Jón G. Briem, hrl.

Sif Konráðsdóttir, hdl.

Til sölu er eignarhluti í Lögfræðipjónustunni h.f.

Ég, Ingibjörg Bjarnardóttir, hdl., er eigandi fimmtungs hlutafjár í Lögfræðipjónustunni h.f. og hef rek-
ið lögmannsstofu mína undanfarin ár í tengslum við fjóra aðra lögmennt, sem eru sameigendur mín-
ir að fyrirtækinu. Vegna veikinda hef ég tekið ákvörðun um að hætta lögmannsstörfum um sinn og
af þeirri ástæðu býð ég hlut minn í Lögfræðipjónustunni h.f. áhugasömum lögfræðingi til sölu. Sú aðstaða,
sem ég hef haft hjá Lögfræðipjónustunni h.f., er í aðalatriðum þessi:

Skrifstofuadstaða með hlutdeild í sameiginlegri síma- og bókhaldspjónustu.
Aðgangur að sameiginlegu tölvukerfi.

Þeir, sem áhuga kynnu að hafa á því að kaupa ofangreindan eignarhlut minn, hafi samband við mig í
heimasíma 588-4818 eða vinnusíma 568-9940 eða við lögmann minn, Gest Jónsson, hrl., í Mörkinni 1, sími
581-2122. Athygli skal vakin á því að sameigendur mínir eiga forkaupsrétt að eignarhlut mínum í Lögfræði-
pjónustunni h.f. auk þess sem gengið er út frá því að samþykki þeirra fyrir nýjum samstarfsaðila sé nauð-
synlegt.

Ingibjörg Bjarnardóttir, hdl.

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands


Fylgt úr hlaði

LÖGMANNABLAÐIÐ er nýtt
blað á vegum Lögmannafé-
lags Íslands, sem koma á út
sex sinnum á ári. Er því ætlað að
vera vettvangur stjórnar félagsins
og lögmannna til að fjalla um störf
lögmannna, réttindi þeirra og skyld-
ur, svo og hlutverk og störf stjórn-
arinnar og ýmissa nefnda félagsins.
Blaðinu verður dreift til félags-
manna og einnig til dómara- og
sýslumannsembætta landsins,
stjórnarráðsdeilda og ýmissa opin-
berra stofnana og fyrirtækja. Með
því móti er hægt að efla tengsl fé-
lagsins og stéttarinnar við þessar
stofnanir og kynna sjónarmið lög-
manna um hin ýmsu málefni, sem
fjallað verður um hverju sinni.

Auk greina, þar sem fjallað er
um ýmis hugðarefni lögmannna og
annað áhugavert efni, er stefnt að

því að hafa nokkra reglulega dálka
í blaðinu, svo sem leiðara, punkta
úr gömlum gerðarbókum, fréttir úr
félagslífinu og fréttir af erlendum
vettvangi, svo sem starfi norrænu
lögmannafélaganna, CCBE og IBA.
Mikil áhersla verður lögð á það að
virkja félagsmenn til að skrifa í
blaðið, en fjölmargir lögmennt
luma á áhugaverðu efni, sem feng-
ur er í að sjá á síðum blaðsins. Tek-
ið skal skýrt fram að það er ekki
ætlunin með útgáfu hins nýja blaðs
að keppa við Tímarit lögfræðinga
og Úllfjót í efnisvali, þó svo að það
kunni e.t.v. að skarast að einhverju
leyti.

Ákvörðun um útgáfu blaðsins
var tekin af stjórn L.M.F.Í. í septem-
ber síðast liðnum, að sameiginlegri
tillögu ritnefndar Fréttabréfs
L.M.F.Í. (sem hér eftir verður rit-



Marteinn Másson, ritstjóri.

nefnd LÖGMANNABLAÐSINS) og
útgáfunefndar L.M.F.Í. Hefur síðan
verið unnið markvisst að útgáfunni
á vegum heggja nefndanna og eiga
nefndarmenn heiður skilinn og
þakkir fyrir frábært starf.

Í sögu L.M.F.Í. hefur nokkrum
sinnum verið reynt að gefa út fé-
lagsblöð. Þannig var t.d. um nokk-
urra ára skeið, í kringum 1970, gef-
ið út Félagsblað L.M.F.Í. og þar
áður Blað lögmannna. Lengsta sam-
fellda útgáfan af þessu tagi er nú-
verandi Fréttabréf L.M.F.Í., sem
fyrst kom út árið 1981. Hér er þá
ekki talin með útgáfa félagsins á
Tímariti lögfræðinga, sem á sér
áratuga langa sögu, en L.M.F.Í.
stofnaði til og sá um útgáfu þess
frá upphafi, árið 1951 og til ársins
1960, þegar Lögfræðingafélag Ís-
lands, þá nýlega stofnað (1. apríl
1958), tók við útgáfunni.

Með stækkun félagsins undan-
farin ár, auknum umsvifum og sí-
fellt fjölbreyttari verkefnum er ekki
óeðlilegt að félagið eignist vegleg-
an vettvang til umfjöllunar um
innri málefni þess. Er það von mín
að félagsmenn taki hinu nýja blaði
vel og finni jafnframt hjá sér hvöt
til að skrifa í það. Einungis þannig
verður blaðið áhugavert og fjöl-
breytt og lifandi vettvangur um
störf og stöðu lögmannastéttarinnar.

Marteinn Másson, ritstjóri.

Lögmannafélag Íslands

stofnað árið 1911
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími 568-5620
bréfsími 568-7057

Stjórn L.M.F.Í.

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., formaður
Sigurmar K. Albertsson, hrl., varaformaður
Lárus L. Blöndal, hdl., ritari
Ásgeir Magnússon, hdl., gjaldkeri
Hreinn Loftsson, hrl., meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson, framkvæmdastjóri
Hildur Pálmadóttir, ritari

Mynd á forsíðu:

Málflutningsmennirnir Eggert Claessen, fyrsti formaður félagsins
og Sveinn Björnsson, fyrsti ritari þess og síðar formaður, í fyrsta
málflutningi fyrir Hæstarétti Íslands 16. febrúar árið 1920.

Prentun:

Borgarprent h.f.

Umsjón auglýsinga: Öflun ehf., sími 561-4440

Hönnun forsíðu: Íslenska hugmyndasamsteypa h.f.

Síðuhönnun og umbrot: Auglýsingasetrið

Hemlaför

Kunningi minn í lögmannastétt hefur sagt mér að ef hann er spurður á skemmtistöðum borgarinnar hvað hann geri, þá segist hann vera skrifstofumaður. Meðan hann gekkst ennþá við því að vera lögmaður gerðist alltaf eitt af þrennu: 1) þrjúhundruðpundamenn vildu fá hann afsíðis til að ræða málin vegna þess að einhver lögmaður hirti af þeim bílinn; 2) menn báðu um lögfræðilega ráðgjöf („maðurinn minn er alltaf að segja mér að fara til andskotans, má ég taka hörnin með?“); 3) ætlast var til að hann „splæsti sjússum“ á allt liðið vegna þess að hann væri ríkur lögmaður.

Getur það verið að ímynd stéttarinnar sé svo slæm, að lögmennt séu farnir að skammast sín fyrir að vera lögmennt? Víst er það að margir telja lögmennt óalandi og óferjandi. Þeim er gjarnan líkt við ýmsar tegundir úr dýraríkinu, svo sem skunka, snáka eða refi. Lögmönnum er tíðrætt um ímynd stéttarinnar. Er þá gjarnan vísað til umsagnar í fjölmiðlum, ummæla stjórnmalamanna, sem telja illyrði um lögmennt og lögfræðinga ódýra leið til að afla sér vinsælda. Lögfræðingabrandarar eru margir og eru flestir í hemlafarastíl („Hver er munurinn á dauðum skunki og dauðum lögmanni á þjóðveginum? Það eru hemlaför fyrir framan skunkinn.“).

Lögmenn hafa gert ýmislegt í þeim tilgangi að bæta þessa meintu slæmu ímynd og hafa jafnvel margir hverjir verið reiðubúnir til að láta ýmislegt yfir sig ganga í nafni bættrar ímyndar. Í byrjun marsmánaðar síðastliðins var samþykkt á Alþingi breyting á málflytjendalögum. Breytingin hefur það í för með sér að lögmennt

verða nú skyldaðir til að kaupa sér starfsábyrgðartryggingu og til að hafa vörslufjárreikninga. Neytendavernd var mjög hent á lofti þegar þessi lagabreyting var samþykkt. Sérstakra ráðstafana átti að vera þörf til að vernda neytendur gegn lögmönnum. Í greinargerð með breytingalögum var tekið fram, að ekki skipti máli hvort fjárhagstjónið, sem lögmaðurinn hefði valdið viðskiptamanni sínum, væri að rekja til ásetnings- eða gáleysis lögmansins. Á auka-aðalfundi LMFÍ, sem haldinn var 31. október s.l., voru samþykktar starfsábyrgðartryggingarreglur, sem fela það í sér, að ekki er tryggingaskylda að því er varðar ásetningsbrot. Þegar þetta er skrifað er ekki vitað hvort dómismálaráðuneytið muni staðfesta reglurnar eins og þær voru samþykktar á auka-aðalfundinum.

Þeirri skoðun hefur verið hreyft að það myndi bæta mjög ímynd lögmennastéttarinnar ef lögmennt væru skyldaðir til að kaupa sér tryggingu gegn ásetningsbrotum. Hvernig í veröldinni getur það aukið virðingu almennings fyrir stéttinni ef lögmennt hafa ásetningsbrotatryggingu? Mun það ekki frekar hafa þveröfug áhrif?

Þetta leiðir þá hugann að því, hvort ímynd lögmenn sé eins slæm og af er látið. Hversu djúpt rista ummæli fjölmiðla og stjórnmalamanna? Almenningsur, þ.m.t. fjölmiðlamenn og stjórnmalamenn, þurfa oft að leita til lögmenn. Miðað við þann stóra hóp, sem þarf á lögmennastöð að halda í þjóðfélaginu, þá virðist aðeins lítill hluti manna vera óánægður með þjónustuna. Ef ummæli í fjölmiðlum endurspegluðu almenna óánægju almennings með lögmenn, þá hlýtu umkvörtunarefni,

sem berast til LMFÍ, að vera margfalt fleiri. Þegar vel er að gáð er ímynd lögmenn kannski ekki svo slæm og af er látið. Lögmenn mega ekki láta hræðsluna við „slæma ímynd stéttarinnar“ draga úr sér mátt. Lögmenn eiga að stíga sjálfir á bremsurnar og berjast gegn ósanngjörnum álögum á stéttina. Það má ekki setja reglur, sem eru það íþyngjandi, að þær takmarka möguleika ungs fólks að hefja lögmennsku og leiði jafnvel til þess að þær hreki starfandi lögmenn úr starfi. Ef ekkert er að gert þá gæti farið svo að lögmenn lentu á lista yfir dýrategundir, sem eru í útrýmingarhættu, ásamt nashyrningum, skallaerninum o.fl. Lögmenn, eins og nashyrningar, eru ávallt reiðubúnir til atlögu, nashyrningar gegn óvinum sínum, en lögmenn fyrir skjólstaðinga sína.

Þórunn Guðmundsdóttir, brl. (bófundur er formaður L.M.F.I. og rekur lögmennsstofu í Reykjavík).

Frá ritstjóra og ritnefnd Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmenn. Ekki þarf að vera um mjög fræðileg skrif að ræða. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentaðar á blað og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þeim, sem hafa áhuga á að senda greinar til blaðsins, er hent á að það kemur út 15. dag janúar, mars, maí, júlí, september og nóvember ár hvert. Þurfa greinarnar því að berast til skrifstofu L.M.F.I. eigi síðar en 1. dag útgáfumánaðar.

Úr gömlum gerðarbókum

Þegar flett er í gegn um gerðarbækur félagsins, frá fyrri áratugum kemur í ljós að félagið á sér merka sögu að mörgu leyti, sérstaklega að því er varðar málefni og stöðu lögmennastéttarinnar, eins og gefur að skilja, en einnig að ýmsu öðru leyti, þ. á m.

stofnfundi og framhaldsstofnfundi félagsins.


Hugmyndin er sú að birta á síðum LÖGMANNABLADSINS efni úr gömlum gerðarbókum félagsins lesendum til fróðleiks og skemmtunar. Frásögn af fyrstu fjórtán árum í sögu félagsins byggist að mestu

breytt áður en hún var samþykkt. Í umræðu um 1. gr. frumvarpsins taldi Gísli Sveinsson rétt að félagið yrði látið heita lögmennafélag en ekki málflytningsmannafélag. Eggert Claessen tók þá fram að hann væri hlyntari því nafni, sem upp á hefði verið stungið, þar sem orðið lögmaður næði ekki aðeins til málflytningsmanna heldur einnig til annarra löglærðra manna. Var til laga Eggerts að heiti félagsins í frumvarpinu, Málflytningsmannafélag Íslands, samþykkt. Eftir umræður og atkvæðagreiðslur um hverja grein frumvarpsins var það horið upp í heild sinni og samþykkt. Þá var kosin fyrsta stjórn félagsins, sem skipuð var Eggerti Claessen, formanni, Sveini Björnssyni, ritara og Oddi Gíslasyni, gjaldkera.

Sveinn Björnsson lagði fram tillögu að gjaldskrá félagsins, sem hann hafði samið, m.a. að danskri fyrirmynd. Nefnd var skipuð til að fjalla um tillöguna og var fundi síðan frestað til 11. desember.

Mánudaginn 11. desember 1911 var haldinn framhaldsstofnfundur Málflytningsmannafélags Íslands. Var þá lagt fram frumvarp að gjaldskrá félagsins, sem fyrrgreind nefnd hafði búið til og fóru fram umræður um hana. Setti Einar Arnórsson ýmislegt út á frumvarpið, sérstaklega þar sem honum þótti taxtinn of lágur. Formaður félagsins andmælti því og urðu um þetta nokkrar umræður. Var gjaldskráin síðan samþykkt með einhverjum breytingum.

Þó samþykktir félagsins hafi verið samþykktar á fundinum 27. nóvember 1911 og fyrsta stjórnin kosin þá, hefur dagsetning stofnunar félagsins ávallt verið miðuð við 11. desember 1911, enda má segja að þá hafi stofnfundinum í raun lokið.



Úr gerðabók Málflytningsmannafélags Íslands

vegna baráttu félagsins fyrir endurbótum á réttarfarslögjögfinni.

Félagið var stofnað síðla árs 1911 og voru ritada fundargerðir þess allt frá upphafi. Því miður virðist fyrsta fundargerðarbókin vera glötuð, en hún nær yfir tímabilið 1911 til 1925. Allar síðari gerðarbækur félagsins eru til. Árið 1936, þegar félagið var 25 ára, ritaði Theodor B. Lindal, sem þá var formaður þess, um sögu félagsins. Er þar að finna ýmsar upplýsingar, sem ella er hætt við að hefðu glatast með hinni týndu gerðarbók, t.d. ordréttar fyrstu tvær fundargerðirnar af

leyti á fyrrgreindu afmælisriti Theodórs B. Lindals.

Þann 27. nóvember árið 1911 var haldinn fundur á Hótel Reykjavík af málfærslumönnum og öðrum embættislausum lögfræðingum. Var fundurinn haldinn að frumkvæði þeirra Eggerts Claessens og Sveins Björnssonar. Fundarmenn voru 14. Eftir kosningu fundarstjóra og fundarritara las Eggert Claessen upp frumvarp til laga fyrir væntanlegt málflytningsmannafélag, en frumvarpið hafði hann samið. Eftir upplesturinn var hver einstök grein rædd og eftir atvikum

Af Merði lögmanni

Þegar Mördur byrjaði í lögmennsku hafði hann mikinn áhuga á sakamálum. Hann gat þó ekki talist þekktur í undirheimum borgarinnar. Einu tengslin voru fjaraskyldur, drykkfelldur frændi, sem einstöku sinnum hafði sofíð úr sér í fangageymslum lögreglunnar og kannaðist því við nokkra af svokölluðum „góðkunnigjum“ lögreglunnar. Frændinn féllst á að taka Mörd hinn unga með sér á rúntinn eitt miðvikudagskvöld til að kynna hann. Mördur mætti með nýprentuð nafnspjöldin upp á vasann og dreifði þeim vítt og breytt á hinum ýmsu knæpum. Mördur varð fljótt vel kynntur á stöðum eins og Keisaranum og Skipper-inn og kunni vel við sig. Svo fóru þó leikar að Mördur var farinn að eyða meiri tíma en góðu hófi gengdi á knærunum. Vinir hans úr lagadeildinni, sem margir hverjir störfuðu innan SÁÁ-hreyfingarinnar, töluðu um fyrir honum og komu honum í

meðferð inn á Vog. Mördur hvarf því frá störfum um tíma og hafa þess vegna ekki horist af honum fréttir nýlega.

Á skrifstofunni hjá Merði starfaði kjarnorkukvenmaður sem Jóra hét. Hún stundaði lyftingar í frítímum og var þrefaldur Íslandsmeistari í millivigt kvenna. Mördur hafði komist að því að það gafst vel að taka Jóru með í vörslusviptingar. Hún jafnhattaði 28 tommu sjónvarpstækjum svo sem ekkert væri og fór létt með að mismuna frystikistum með sextán slátrum innanborðs út í sendiferðabíla. Jóra hafði það gaman af þessum störfum að hún settist í lagadeild. Henni sóttist þó námið seint vegna þess að hún vann ávallt með náminu hjá Merði.

Mördur tók eitt sinn að sér innheimtu fyrir bókaútgáfu. Sölumaður bókaútgáfunnar hafði verið á ferð um allt land og selt kynstrin öll af bókum. Kaupendur gátu þannig eignast allar sögur Sabatin-

is og Kapitólu í skinnbandi. Bækurnar voru seldar með góðum afborgunarkjörum. Heimtur voru hins vegar dræmar hjá bókaútgáfunni og því var þetta sent í innheimtu til Marðar. Fjárnámsleiðangur um hringveginn blasti við. Um sama leyti var Mördur á leið í orlofið inn á Vog. Þeim Jóru datt þá það snjallræði í hug að Jóra færi á japanska jeppanum hans Marðar í fjárnámsleiðangurinn. Þetta gekk eins og í sögu þar til Jóra mætti hjá einum af merkari sýslumönnum landsins, sem gerði athugasemd við það, að hún mætti en ekki Mördur. Sýslumaðurinn krafði hana um umboð frá gerðarbeiðandanum. Jóra taldi það af og frá að hún þyrfti slíkt. Hún sagðist vera fulltrúi Marðar. Sýslumaður benti henni þá á að málflutningsumboð það, sem talað væri um í 1. mgr. 4. gr. málflytjendalaganna, tæki eingöngu til lögmanna og lög-lærðra fulltrúa þeirra við mætingar hjá dómstólunum. Aðrir, þar á meðal laganemar sem stunda lyftingar í frístundum, yrðu að koma með umboð frá gerðarbeiðandanum. Sýslumaður neitaði að halda fjárnáminu áfram nema slíkt umboð yrði lagt fram. Nú voru góð ráð dýr. Jóra ók í bæinn, heldur sneyp. Til að bæta gráu ofan á svart hafði kollegi Marðar samband við hann og hótaði að kæra hann til stjórnar LMFÍ fyrir brot á Codex. Kolleginn taldi að með því að senda Jóru í fjárnámsleiðangurinn hefði Mördur brotið gegn 1. mgr. 4. gr. Codexins, en þar segir að lögmaður megí ekki stuðla að því að þeir, sem ekki hafa lögmansréttindi, fái unnið verk sem lögum eða venju samkvæmt skuli aðeins unnið af lögmanni. Merði var nóg boðið. Hann dreif sig út af Vog, nýr og betri maður með Coca-Cola flösku upp á vasann. Hann hætti að senda Jóru í fjárnám, fór annað hvort sjálfur eða fékk aðra lögmann til að mæta fyrir sig.

Mördur bíður þess nú með óþreyju að Jóra ljúki laganáminu, svo hann geti tilkynnt hana sem fulltrúa sinn til hinna ýmsu embætta og dómstóla.

ESB-stólpinn og EES-flísinn

Þar sem íslenska ríkið er orðið aðili að EES-samningnum fer ekki hjá því að enn ríkari þörf en ella er fyrir íslenska lögfræðinga að fylgjast vel með því sem er að gerast innan Evrópusambandsins (ESB) og hvaða áhrif það getur haft á íslenska löggjöf og lagaframkvæmd. Eins og fram hefur komið í skrifum fræðimanna, íslenskra sem erlendra, er óhætt að segja, að enginn getur fullyrt neitt um hvernig þessi nýja réttarheimild, réttarsvið EES og löggjöf þess, muni hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna. Þetta eru spennandi tímar innan lögfræðinnar, þar sem margt á enn eftir að skýra og mörg vandamál á eftir að leysa.

Tveir nýlegir forúrskurðir EB-dómstólsins, sem teljast hindrandi úrskurðir innan ESB-landanna, hafa vakið athygli mína. Mun ég gera hér örlitla grein fyrir þeim, en þeir fara báðir inn á svið beinnar skattlagningar, réttarsviðs, sem hingað til hefur verið talið að félli utan lögsögu ESB. Áður en úrskurðirnir verða reifaðir er nauðsynlegt að hafa örlítinn inngang að skattarétti.

I. Ótakmörkuð og takmörkuð skattskylda.

Í flestum skattalögum er gerður greinarmunur á ótakmarkaðri skattskyldu og takmarkaðri. Venjulega er því þannig farið að skattgreiðendur, er heimilisfesti hafa í ríkinu, teljast skattskyldir þar af öllum tekjum sínum, sama hvaðan þær koma og af öllum eignum sínum, sama hvar þær eru. Að sama skapi eru einstaklingum, er bera ótakmarkaða skattskyldu, heimilir ýmis konar frádrættir frá skatti, s.s. persónuafsláttur, frádráttur vegna lífeyrissjóðsþjállda, fjárfestinga í

atvinnurekstri o.s.frv. Þeir, sem bera takmarkaða skattskyldu hins vegar, eru einungis skattlagðir af þeim tekjum og/eða eignum, er uppruna eiga í því ríki og eiga ekki rétt á öllum þeim ívilnunum, sem skattalög landa veita þeim, er ótakmarkaða skattskyldu bera.

Hugtakið heimilisfesti er það, sem máli skiptir, þegar ákvarðað er um ótakmarkaða eða takmarkaða skattskyldu einstaklinga og lögaðila í viðkomandi ríki. Við ákvörðun um heimilisfesti einstaklinga skal miða við reglur laga um lögheimili, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Sú staða getur komið upp skv. löggjöf tveggja ríkja, að viðkomandi skattadili teljist geta átt heimilisfesti í þeim báðum. Ef til staðar er tvísköttunarsamningur milli ríkjanna skal þá miða við ákvæði þess samnings við ákvörðun um heimilisfesti. Má sem dæmi nefna 2. t. 4. gr. samnings til að koma í veg fyrir tvísköttun tekna á milli Íslands og Frakklands, nr. 8/1992. Með tvísköttunarsamningi er komið í veg fyrir álagningu sambærilegra skatta í tveimur (eða fleirum) ríkjum á sama skattgreiðanda vegna sömu tekna (og/eða eigna) fyrir sama tímabil.

II. Sagan af strompasmið frá Belgíu og fleirum.

Tveir athyglisverðir forúrskurðir hafa fallið hjá EB-dómstólunum og verður meginefni þeirra í stórum dráttum rakið hér. Efnir þeirra varðar einmitt ákvæði tvísköttunarsamninga og skattalög viðkomandi landa.

Schumacher (S) var belgískur ríkishjorgari og skv. tvísköttunarsamningi á milli Belgíu og Þýskalands átti hann heimilisfesti í Belgíu.



Elísabet Guðbjörnsdóttir, lögfræðingur

íu. Hann var kvæntur og átti eitt barn. Árið 1989 voru tekjur S einu tekjur heimilisins, sem eins og fyrr var sagt var í Belgíu. Frá 15. maí 1988 til 31. des. 1989 vann S við að smíða strompa í Þýskalandi. Hann greiddi skv. staðgreiðslureglum af launum sínum í Þýskalandi. Hann fékk ekki þann frádrátt, sem launþegum, er bera ótakmarkaða skattskyldu í Þýskalandi, eiga rétt á. Ennfremur var staðgreiðsla hans endanleg skattlagning, þar sem hann bar takmarkaða skattskyldu í Þýskalandi og hafði þar með ekki möguleika á að fá ofgreidda staðgreiðslu endurgreidda.

S var ósáttur við þessa niðurstöðu, þar sem nær allar tekjur, er hann hafði, voru frá Þýskalandi og taldi hann sig því hafa sömu réttarstöðu og þeir, er bera ótakmarkaða skattskyldu í Þýskalandi. Kærði hann því þessa skattalegu meðferð, er hann hlaut. Skattyfirvöld höfnuðu kröfum S og fór hann því með málið fyrir þýska dómstóla. Dómstóll í Þýskalandi féllst á kröfur hans á grundvelli sanngnirnis og jafnræðis. Þýsk skattyfirvöld voru hins vegar ekki sátt við þessa niðurstöðu og kærðu málið til áfrýjunardómstóls í Þýskalandi. Áfrýjunardómstóllinn úrskurðaði að S ætti rétt á sömu skattalegu meðferðinni og þeir, er heimilisfesti hefðu í Þýskalandi, ef það væri í samræmi

Rabfundir

Fræðslunefnd L.M.F.I. hefur bryddað upp á þeirri nýbreytni í félagsstarfinu, að halda stutta fundi, rabbfundi, á 3-4 vikna fresti, þar sem haldin verða stutt framsöguerindi (5-10 mínútur) um eitthvert áhugavert efni, sem ofarlega er á baugi hverju sinni, t.d. um nýlega hæstaréttardóma. Eftir framsöguna verða síðan almennar umræður um efnið. Reynt verður að forðast hið stífa fundarform, sem oft ein-kennir fræðafundi. Frekar verður reynt að virkja sem flesta í umræðum og að varpa ljósi á hinar ýmsu hliðar mála. Nú þegar hefur einn slíkur fundur verið haldinn og þótti hann takast mjög vel. Voru fundarmenn sammála um kosti þess að geta velt fyrir sér niðurstöðum hæstaréttardóma á slíkum fundum, þ. á m. með því að spyrja flytjendur viðkomandi mála um einstök atriði þeirra.

við 48. gr. Rómarsáttmálans. Áfrýjunardómstóllinn treysti sér þó ekki til að skera úr um síðast greint atriði og skaut því til Evrópu dómstólsins og það um forúrskurð (úrskurður á grundvelli 177. gr. Rómarsáttmálans).

EB-dómstóllinn var sammála niðurstöðu áfrýjunardómstólsins. Þrátt fyrir að skattlagningarrettur félli utan Rómarsáttmálans og væri alfarið í höndum aðildarríkjanna sjálfra, yrði skattlagningarvaldinu að vera beitt í samræmi við löggjöf ESB. Dómstóllinn kvað upp úr um að þrátt fyrir að skattlagningarvaldið óumdeilanlega félli utan marka Rómarsáttmálans, þá mætti ekki beita því valdi á þann veg, að fólki væri mismunað eftir þjóðerni. Í því máli, er hér um ræðir, taldi dómstóllinn að um væri að ræða mismunun, þ.e.a.s. þegar S, sem ekki hafði heimilisfesti í Þýskalandi, en hafði nær eingöngu tekjur í því landi, fengi aðra skattalega meðferð en sá, er heimilisfesti hefði í Þýskalandi, en væri að öðru leyti í nákvæmlega sambærilegri stöðu og S. S hefði ekki möguleika, vegna tekjuleysis í Belgíu, að njóta þeirra skattalegu fríðinda er þeir, sem heimilisfesti hafa þar, njóta alla jafna, s.s. persónuafslátt, frádrátt vegna fjölskyldu o.s.frv.

EB-dómstóllinn kvað upp annan forúrskurð svipaðs efnis, þ.e.a.s. hann kom inn á skattalög tveggja aðildarríkja, Hollands og Belgíu. Forsaga málsins er sú, að belgískur sjúkranuddari stundaði sjálfstæða starfsemi í Hollandi. Hann var heimilisfastur í Belgíu og bar því takmarkaða skattskyldu í Hollandi. Honum var neitað um að draga frá tekjum sínum iðgjöld í eftirlaunastjóð í Hollandi áður en að skattlagningu kæmi. Þessi heimild fellur aðeins í skaut þeirra, er hafa heimilisfesti í Hollandi. Þessu máli var skotið til EB-dómstólsins til forúrskurðar. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri óheimilt og brot á 52. gr. Rómarsáttmálans, þ.e.a.s. brot á frelsi á staðfesturétti, einum af meginstöðum ESB-samfélagsins. Þess má geta að til tals hefur komið innan ESB

að setja sérstaka reglugerð um ofangreind álitafæni, en því hefur verið hafnað hingað til, þar sem þótt hefur verið of nærri sjálfræði ríkjanna gengið, en dómstóllinn hefur úrskurðað að mál, eins og að ofan greinir, verði að leysa í hverju einstöku tilviki fyrir sig, með forúrskurði eða hjá EB-dómstólum.

Í framhaldi af þessum forúrskurðum munu þýsk skattalög breytast til samræmis við niðurstöðu EB-dómstólsins og danir og svíar huga einnig að breytingum.

Þessir forúrskurðir eru dæmi-gerðir fyrir markmiðstúlkun EB-dómstólsins á eðli ákvæða Rómarsáttmálans.

III. Oportósamningurinn eða EES-flísinn.

Spyrja má hvort slíkt tilvik gæti komið upp hér á landi eða öllu heldur hvernig tekið yrði á slíku tilviki kæmi það upp? Nú er Oportósáttmálinn, sem EES byggir á, þjóðréttarsamningur og ekki ætlað að hafa bein réttaráhrif hér á landi. Tilgangurinn með EES-samningnum er ekki sá og hinn sami og tilgangur Rómarsáttmálans, þ.e.a.s. markmiðið með EES er ekki alger samruni eins og ESB-löndin ætla sér með lagareglum ESB. Markmið EES er samt sem áður einsleitni og í Oportósáttmálanum er lögð áhersla á samræmda túlkun sams konar ákvæða í báðum sáttmálunum. Íslenskur dómstóll gæti því leitað álits EFTA-dómstólsins við túlkun á ákvæðum EES-samningsins. Ef jafnræði á að ríkja meðal aðildarríkja EES, t.d. varðandi það grundvallaratriði sem er svokallað fjórfrelsi, er ekki fráleitt að álykta sem svo, að íslendingar gætu átt von á svipaðri niðurstöðu, ef á það sama reyndi og í þeim málum, er hér hafa verið rakin.

Hægt er að taka dæmi af sænskum einstaklingi, sem skattskyldur væri hér á landi á grundvelli 1. t. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Við getum gefið okkur að hann sé launþegi og nær allar tekjur hans séu hér á landi, en hann hafi samkvæmt tví-

sköttunarsamningi milli Íslands og Svíþjóðar heimilisfesti í Svíþjóð og ber þ.a.l. ótakmarkaða skattskyldu þar. Þessi einstaklingur ber takmarkaða skattskyldu hér og skal því með álagningu hans fara skv. 71. gr. skattalaga. Hann hefði ekki heimild t.d. til að nýta sér heimild íslenskra laga um frádrátt frá skattskyldum tekjum (lög nr. 9/1984) vegna þess að hann hyggðist fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Sú heimild byggist á því, að menn beri hér ótakmarkaða skattskyldu. Ef (því auðvitað er hér bara um kenningu að ræða) svo færi að mál svíans, sem starfaði hér, yrði dæmt eða úrskurðað á sama veg og mál belganna, gæti það leitt til þess að breyta þyrfti skattalögunum. Ef þetta yrði niðurstaðan, sem þó ekki er hægt að fullyrða neitt um á þessu stigi, þá er ljóst að þrátt fyrir að EES-samningurinn sé eins og lítil flís miðað við ESB-stólpann, sem gnæfir yfir nær allri Evrópu, getur þessi flís reynst oddhvöss sé stigið á hana.

Elisabet Guðbjörnsdóttir, lögfræðingur (bófundur starfar í fjármálaráðuneytinu og vinnur við gerð tvísköttunarsamninga).

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta nú fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl. Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi. Lögmenn eru nú þegar farnir að nýta sér þessa nýju fundarstöðu og líkar hún vel. Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í.

Skylduaðild

Spurt er hvort skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands sé af hinu illa eða góða

Þótt það sé meginsteftna, nú á tímum fjárlshyggju, að hafna skylduaðild að félögum, sbr. 2. mgr. 12. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, um breyting á stjórnarskránni, er reglan ekki undantekningarlaus, frekar en aðrar lagareglur, sbr. alhæfing rómverjanna: Nulla regula sine exceptione. Með almennum lögum má kveða á um skylduaðild að félögum, ef það er nauðsynlegt til að félagið geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Ákvæði 7. gr. 1. nr. 61/1942, um málflytjendur, með síðari breytingum, þar sem kveðið er á um skyldu lögmanna til að hafa með sér félag, er í samræmi við þessa undantekningarreglu stjórnskipunarlaganna og byggist á því að Lögmannafélag Íslands hefir samkvæmt lögum með höndum verkfæni á sviði opinbers réttar, svo sem eftirlit með lögmönnum, vald til að setja þeim reglur, agavald, sem veitir stjórn félagsins úrræði til að beita áminningu eða sektum eða leggja til að þeir verði sviptir lögmannsleyfi o.fl. Félagið sinnir þannig almannahagsmunum. Ég hygg að menn séu nokkuð sammála um, að lagareglan um skylduaðild brjóti ekki heldur gegn mannréttindasáttmála Evrópu sakir þessa opinbera hlutverks sem LMFÍ er ætlað í lögum, sbr. 11. gr. 1. nr. 62/1994.


Þótt skylduaðildin standist þannig lög svarar hún því ekki hvort hún sé af hinu illa eða hinu góða.

Trúlega mun einhver lögmaður koma fram á ritvöllinn og draga fram það, sem hann telur vera af „hinu illa“ við skylduaðildina,

verða einhvers konar „advocatus diaboli“, tala máli þeirra, sem vilja skylduaðildina feiga, þar sem ég tala fyrir máli sem andstæðingar skylduaðildar telja vera vont mál. Auðvitað gætu þeir snúið nafngiftinni upp á mig.

Svo sem að framan greinir er skylduaðild lögleg. Lagareglum er ætlað að uppfylla vissar þarfir manna og eftir því sem hún nær til fleiri manna er auðveldara að réttlæta hana, þ.e. að menn eiga að vera jafnir fyrir lögunum. Það styrkir mjög lögmennastéttina að lögmenn hafi með sér félag, sem komi fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og almenningu, geti í krafti félagsskaparins stuðlað að framgangi lögmennastéttarinnar, viðhaldið þeim réttindum, sem hún hefir, reynt að auka þau og koma í veg fyrir að þau skerðist, en hart er sótt að lögmennastéttinni, æ fleiri stéttir leita inn á hefðbundin svið lögmanna, svo sem verkfræðingar, viðskiptafræðingar og endurskoendur.

Með skylduaðildinni fæst mun öflugri félagskapur en ella, félagið verður sterkara fjárhagslega, getur því betur sinnt hagsmunamálum stéttarinnar, svo sem atvinnumálum, hvers kyns fræðslustarfsemi, símenntun og endurmenntun lögmanna og fleira í þessum dír, sem auðveldara er að koma við með öflugum félagi heldur en ef hluti lögmanna stæði utan félagsins, auk þess sem það væri ekki sanngjarnt að hluti félagsmanna bæri kostnaðinn af sjálfsagðri félagsstarfsemi, sem kæmi öllum lögmönnum til góða, einnig þeim sem ekki taka þátt í kostnaðinum af starfsemi.



Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Það mundi auðvelða þeim baráttuna, sem vilja ganga á rétt lögmanna, t.d. með því að hleypa fleirum inn á hefðbundin mið þeirra, ef lögmennirnir væru sundraðir, ef þeir hefðu ekki með sé kröftugt félag, sem gæti komið fram í nafni stéttarinnar, talað einum rómi fyrir hennar hönd.

Ef skylduaðildin verður felld niður þá þarf að gera miklar lagabreytingar, skipa málefnum lögmennastéttarinnar með öðrum hætti en nú er, t.d. eftirlitið með félagsmönnum o.s.frv. Ég velkist ekki í vafa um að ímynd stéttarinnar muni ekki batna við það að skylduaðildin verði felld niður, en það var einmitt fyrir atbeina félagskapar lögmanna að gert hefir verið ýmislegt, sem hefir stuðlað að betri ímynd lögmanna, svo sem aga- og eftirlitsvald stjórnar félagsins gagnvart félagsmönnum, úrskurðarvald hennar í málum lögmanna og viðskiptavinar, námssjóðurinn, ábyrgðarsjóðurinn, sem þyrfti að endurreisa, svo að nokkuð sé nefnt. Það er sannfæring mín að félagið muni veikjast stórlega ef skylduaðildin verði afnumin og þá gæti farið að stytast í það að einkaréttur okkar til málflyttings fyki út í veður og vind.

Trauðla er hægt að fjalla um skylduaðildina öðru vísi en svo að reikna með því að henni fylgi

einkaréttur, enda var mér kennt ungum í lagadeildinni að til skyldanna svari réttindi, skylda og réttur séu eins og samloka. Við þurfum að vera vel á verði gegn því að einkaréttur okkar verði skertur umfram það sem er, við þurfum að reyna að auka þennan rétt og má segja að nokkuð hafi áunnist, sbr. t.d. 5. tl. 75. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 um skiptastjóra, sem að vísu er bundinn við lögfræðimenntun en ekki lögmannsréttindi. Einnig má benda á 5. tl. 46. gr. l. nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., sem spor í sömu átt. Við slíka hagsmunagæslu og sókn til aukins einkaréttar dugar ekkert betur en félagsskapur lögmanna og því fjölmennara sem félagið er, því fjárhagslega öflugra er það og því máttuga baráttutæki fyrir fremd og framgangi lögmannaáttarinnar verður það.

Niðurstaða:

Skylduáðild að Lögmannafélagi Íslands er sjálfsgöð.

Guðmundur Ingví Sigurðsson, btl. (höfundur rekur lögmannsstofu í Reykjavík).

Á netinu

Allmargir lögmenn hafa þegar tengst Alnetinu eða Internetinu og fleiri bætast stöðugt í hópinn. Þó yfir 50% allrar notkunar Alnetsins sé tölvupósturinn geta lögmenn jafnt sem aðrir fundið sitthvað af upplýsingum á netinu, sem gætu nýst þeim í starfi. Skal hér fátt eitt nefnt til.

Fyrirtækið Úrlausn-Aðgengi ehf. vinnur nú að uppsetningu gagnabanka á netinu, Réttarríkinu, sem sérstaklega nýtist lögfræðingum. Slóðin er <http://www.adgengi.is/adgengi>. Nú þegar getur þar að líta ýmsar mjög gagnlegar upplýsingar og má þar nefna lista yfir nýja laga-setningu frá áramótum, sem nýtist vel sem viðbót við Lagasafn AG. Þá hafa álit Umboðsmanns Alþingis verið sett í gagnagrunninn, einnig þau óbirtu frá þessu ári.

Alþingi hefur heimasíðu með slóðinni <http://www.althingi.is/>. Er þar hægt að komast inn á gagnagrunn þingsins, þar sem allur texti úr ræðum og þingskjölum frá og með 111. lögjafarþingi 1988-1989 hefur verið settur inn ásamt efnisorðum frá 110. þingi. Upplýsingar eru færðar inn jafnóðum í gagnagrunninn og er þar m.a. hægt að skoða dagskrá ákveðins þingfundar og framkvæma textaleit í þing-

skjölum og ræðum. Virðist þetta vera mjög öflugur grunnur og getur reynst ákaflega tímasparandi þegar leita þarf í lögskýringagögnum, s.s. frumvörpum og umræðum, í samburði við hefðbundna leit í Alþingistíðindum, sem menn þekkja svo vel.

Af íslenskum stjórnvæðingum með heimasíðu á netinu má nefna Menntamálaráðuneytið með slóðina <http://www.ismennt.is/opi/mrn/>, en þar er m.a. að finna texta nýrra grunnskólalaga auk reglugerða settra með stoð í lögum.

EUROPA er nafn á vefþjóni Evrópusambandsins og er heimasíðu-slóðin <http://www.cec.lu/en/index.html>. Þar má finna ýmsar upplýsingar um sambandið og stofnanir þess, auk þess sérstakan kafla um ESB-þjóðsögur og svör við þeim. Texti Maastrichtsáttmálans er á slóðinni http://www.echo.lu/eu-docs/en/maastricht/mt_top.html og Rómarsáttmálann í heild sinni má finna á slóðinni <http://www.tufts.edu/departments/fletcher/multi/texts/BH343.txt>.

Texta norskra laga má finna með því að fara á heimasíðu Norges loWWer, <http://omni.uio.no/nl/nl.html> og er lögunum þar raðað í tímaröð. Heimasíðu Lovdata, sem selur norskan lagatexta og fleira á tölvutæku formi, er að finna á slóðinni <http://digdur.lovdata.no/>.

Loks má nefna að texta GATT-samningsins er bæði að finna á slóðinni <http://ananse.irv.uit.no-80/44/trade/gatt/> og http://ananse.irv.uit.no/trade_law/gatt/nav/toc.html.

Sif Konráðsdóttir, btl. (höfundur rekur lögmannsstofu í Reykjavík).

Tvíæringur IBA í París 17. - 22. september 1995

Section on Business Law er önnur tveggja deilda í IBA og sú stærri. Hún hélt ráðstefnu (Biennial) í París í september s.l. Deildin er núna 25 ára og var því hér um eins konar afmælisráðstefnu að ræða. Þátttakendur voru um 1800 og að auki um 600 gestir. Það gefur því auga leið að undirbúningur og framkvæmd ráðstefnunnar er mikið vandaverk. Ekki varð þó annað séð en að allt gengi vel.

Ráðstefnan var haldin í Palais de Congrès. Það er gríðarstór ráðstefnuhöll. Þar er mikill fjöldi ráðstefnusala af ýmsum stærðum. Sá stærsti tekur nokkur þúsund manns í sæti en hann var ekki notaður til ráðstefnuhaldsins. Töframaðurinn David Copperfield (Mr. Schiffer) hélt sýningar í byggingunni á sama tíma og ráðstefnan var og notaði þennan sal fyrir þær. Þegar ég sá sýningu hans var salurinn um það bil fullur, svo að hon-

um veitti ekki af svona stórum sal.

Þótt ráðstefnugestir væru margir varð ekki nein þröng á þingi þar sem margir fundir voru í gangi á hverjum tíma. Sem dæmi má taka að fimmtudaginn 21. september voru 28 fundir á gangi um mismunandi efni. Á þeim fundum, sem ég sótti, voru að meðaltali um 100 fundarmenn.

Auðvitað var ekki unnt að sækja alla fundi, þannig að maður varð að velja úr fyrirfram. En með því að fara gaumgæfilega í gegn um efnisskrá, sem var á 61 blaðsíðu, var hægt að velja fundi um þau efni, sem maður hafði mestan áhuga á. Þar sem undirritaður er í nefndum E um bankalögfræði og I um fjárfestingarfyrirtæki og verðbréfasjóði sótti ég helst fundi sem þær nefndir héldu. En einnig sótti ég fundi nefndar Q um verðbréf og verðbréfavíðskipti. Maður mátti sækja þá fundi sem maður vildi.

Sem dæmi um stærð og umfang

ráðstefnunnar má geta þess að einn annar íslenskur lögmaður sótti hana, Þórður Gunnarsson, hrl. Þótt ég leitaði að honum tókst mér aldrei að finna hann í ráðstefnuhöllinni.

Ég hef ekki áður sótt svo stóra ráðstefnu hjá IBA. Þær, sem ég hef sótt, eru haldnar árlega og eru á margan hátt markvissari. Þátttakendur í þeim eru líka mun færri, frá 150 til 200. Kannski verður slík ráðstefna haldin á Íslandi í framtíðinni.

Ráðstefnum sem þessum fylgir töluvert félagslíf. Ýmsir aðilar hafa áhuga á að ná til þátttakenda og bjóða þá gjarnan til hanastélsboða eða málsverða. Ég og kona mín sóttum eitt hanastélsboð, sem haldið var í hinu glæsilega Plaza Athéne hóteli í París. Gestgjafinn var „Commercial Law Affiliates“, sem eru ein af mörgum samtökum lögmannaáttarinnar í heiminum. Hann kynnti starfsemi sína í boðinu.

Í ráðstefnuhöllinni gafst ýmsum aðilum kostur á að vera með sýningar- eða sölubása, þar sem þeir kynntu afurðir sínar. Þar bar mest á útgáfu- og tölvufyrirtækjum.

Ljóst er að íslenskir lögmenn þurfa að eiga meiri og meiri samskipti við erlenda aðila og lögmenn. Ráðstefnur sem þessi hjálpa til. Bæði læra menn töluvert um alþjóðlegan fjármálarétt og eins geta þeir stofnað til kynna sem geta komið sér vel síðar. Þá er einnig fróðlegt að átta sig á hvað verið er að glíma við í öðrum löndum, því að oft erum við að fást við það sama hér, oftast í smærri stíl. Ég vil því enn hvetja lögmenn, sem eiga þess nokkurn kost, að sækja ráðstefnur IBA.

Jón G. Briem, btl. (höfundur er forstöðumaður lögfræðideildar Íslandsbanka b.f.).

H. Ólafsson & Bernhöft
Sundaborg 9/36, 104 Reykjavík
Meira en 65 ára reynsla í skrifstofubúnaði og skjalageymslu fyrir íslenskar skrifstofur.



Skjalaskápar, skjalamöppur og allt tilheyrandi skjalageymslu frá **Roneo Vickers**. Skrifstofuhúsgögn, innréttingar og stólar með 3ja ára ábyrgð frá **GDB International**. Peningaskápar frá **DAMs** og öryggisskápar fyrir tölvur og tölvugögn frá **Lampertz**.
Hafið samband við sölumenn okkar í síma 581 2499 eða fax: 568 0140.

Hótelgisting í Kaupmannahöfn

Um langt árabil hefur danska lögmannafélagið beint viðskiptum sínum til Hotel Christian IV, þegar á hefur þurft að halda. Hótelíð stendur við Dronningens Tværgade 45, ekki langt frá aðsetri lögmannafélagsins við Kronprinsessegade 28. Hefur félagið notið ágætta kjara að því er gistingu o.fl. varðar.

Nú hefur danska lögmannafélagið sýnt lögmannafélögum á öðrum Norðurlöndum þá vinsemi að útvega þeim góð kjör á hótelinu fyrir norræna lögmenn. Það verð, sem boðið er upp á, er eftirfarandi:

Eins manns-/tveggja manna herbergi, DKK 660 pr. nótt.
Frá sunnudegi til mánudags í eins manns herbergi, DKK 495 pr. nótt.
Frá sunnudegi til mánudags, tveggja manna herbergi, DKK 555 pr. nótt.
Innifalið í verðinu er morgunverður, virðisaukaskattur og þjónustugjöld.
Til að njóta þessara kjara þurfa íslenskir lögmenn að tilgreina við herbergisþöntunina sérkjör danska lögmannafélagsins (ADVOKATSAMFUNDET's speciale pris).
Á tímabilinu 1. október 1995 til 30. apríl 1996 er sértilboð í gangi, en þá er innifalið í verðinu tveggja rétta kvöldverður fyrir hverja nótt sem gist er á hótelinu.
Áhugasamir lögmenn geta fengið ljósrit bæklinga frá hótelinu á skrifstofu L.M.F.I.

Virðisaukaskattur og gjaldprotabú:

skyldur skiptastjóra

Við meðferð protabúa er að mörgu að hyggja. Á vel sóttum námskeiðum um skiptastjórn í protabúum, á vegum fræðslunefndar í fyrri, var m.a. farið í virðisaukaskattsskil protabúa og skyldur skiptastjóra í því sambandi. Ýmsir þeirra, sem námskeiðin sóttu, svo og aðrir, sem ekki gátu sótt þau, hafa spurst fyrir um hvort hægt væri að fá stutt yfirlit um helstu atriði er varða skyldur skiptastjóra er lúta að virðisaukaskattsskilum protabúanna. Yfirlögfræðingur virðisaukaskattsdeildar embættis ríkisskattstjóra,

Vala Valtýsdóttir, varð góðfúslega við beiðni L.M.F.Í. um að taka saman stuttan lista um þessi atriði („tékklista“) og birtist sá listi hér á eftir:

Hvað ber skiptastjóra að bafa í buga?

1. Tilkynning.

Protabú skráðs eða skráningar-skylds aðila ber að skrá inn á virðisaukaskattsskrá. Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (vskl.), skal tilkynna skattstjóra um breytingar,

sem verða á virðisaukaskattsskyldri starfsemi eftir að skráning hefur farið fram. Tilkynningu skal senda eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Samkvæmt þessu ber að tilkynna skattstjóra ef skráður aðili er tekinn til gjaldprotaskipta, enda verður við það sú breyting að annar aðili (búið) tekur við starfsemi hans. Lítið er svo á að protabú hafi með höndum framhald á fyrri starfsemi protamanns og er því protabúið skráningarskyld hafi protamaður verið skráður. Vanræksla tilkynningar getur varðað protabúið viðurlögum.

2. Skráningarnúmer.

Protabúið skal fá sérstakt skráningarnúmer (vsk-númer). Meginreglan er sú að protabúið heldur kennitölu protamanns.

3. Reikningseyðublöð.

Protabúið getur hvort heldur sem er útbúið eigin reikningseyðublöð eða notað fyrri eyðublöð. Ef notuð eru fyrri eyðublöð þarf að breyta virðisaukaskattsnúmeri með fyrirfram yfirstimplun eða yfirprentun. Tekið skal fram að ekki er rétt að skiptastjóri noti eigin reikningseyðublöð vegna sölu á vörum eða þjónustu protabús.

4. Framtal og skil protabús.

Við gjaldprotaurskurð flyst skylda skv. 24. gr. vskl., sbr. einnig reglugerð nr. 50/1993, til að gera grein fyrir og skila virðisaukaskatti, frá protamanni til skiptastjóra, sbr. 2. mgr. 91. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 5. mgr. 49. gr. vskl. Almennar reglur virðisaukaskattslaga gilda um skil protabús á virðisaukaskattsskýrslum, svo sem um uppgjörstímabil og gjalddaga, álag og dráttarvexti. Fyrsti dagur starfsemi protabús er dagsetning úrskurðar um gjaldprot.

Hjá embætti ríkisskattstjóra er hægt að fá leiðbeiningar um virðisaukaskattsuppgjör gjaldprotabúa. Verða nýjar endurskoðaðar leiðbeiningar gefnar út um næstu áramót, en þær breyta í sjálfu sér ekki ofangreindum atriðum.

Dómar í váttryggingarmálum

eftir Arnljót Björnsson, hæstaréttardómara

Bókin er 180 blaðsíður. Útg. Bókaútgáfa Orators. Verð kr. 3.300,00. Þessi bók er þriðja útgáfa Arnljóts á dómaskrá í váttryggingarmálum og hefur höfundur bætt við nýjum dómum í þessari útgáfu auk þess sem hann hefur fellt út úrelta dóma, sem ekki hafa lengur þýðingu fyrir gildandi rétt.

Þessi útgáfa er, eins og hinar fyrri, tvískipt. Annars vegar eru í fyrri hlutanum reifaðir dómar, þar sem reynt hefur á lög um váttryggingarsamninga, nr. 20/1954 og dómunum raðað eftir lagaákvæðum. Í síðari hlutanum eru hins vegar reifaðir dómar, sem varða einstakar greinar váttryggingarsamninga.

Efnistöð Arnljóts eru með sama hætti og í fyrri útgáfum, enda kominn mikil reynsla á þá framsetningu. Sú breyting hefur þó verið gerð frá fyrri útgáfum, á þeim hluta, sem fjallar um lögin, að lagaákvæðin eru prentuð með og er það mjög til þægindarauka að þurfa ekki sífellt að hafa Lagasafnið við hendina. Reifanirnar sjálfar eru stuttar og kjarnar þannig að sá sem les þær kemst strax að kjarna hvers máls fyrir sig. Raunar er bókin tæpast skemmtilesning sökum þess hversu knappir reifanirnar eru. Slíkt er þó tæpast löstur á bók af þessu tagi. Undirritaður sýslar ekki mikið með ágreiningsmál um váttryggingarsamninga, þannig að þessi bók er hið mesta þarfaþing til að grípa í við rannsóknir á því hvort dómar hafa gengið, þar sem reynt hefur annað hvort á ákvæði váttryggingarsamningalaganna eða á álitamál, er lúta að einstökum greinum váttrygginga.

Svo biður undirritaður spennur eftir næstu útgáfu á Dómum í skaðabótamálum.

Magnús H. Magnússon, bdl. (höfundur rekur lögmannsstofu í Reykjavík).

ENDURRIT

HÆSTARÉTTARDÓMA

L.M.F.Í. lætur fjölfalda og sendir áskrifendum endurrit hæstaréttardóma á mánaðarfresti.

Endurritin eru í lausblaðaformi og með efnisyfirliti.

Áskrift er hægt að panta á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568 5620

ÚRVAL ELDTRAUSTRA SKJALA- OG PENINGASKÁPA




Sími: 552 7870 • Fax: 562 7871



Úrlausn - Aðgengi ehf. hefur í 11 ár sérhæft sig í hugbúnaðarlausnum fyrir lögmenn. Lagasafn Íslands AG er gefið út tvísvar á ári í samvinnu við Dómsmálaráðuneytið. Lagasafnið sparar bæði tíma og fyrirhöfn. Breytingar laga frá síðustu útgáfu Dómsmálaráðuneytisins má finna í Réttarríkinu þar sem lögfræðingar Úrlausn - Aðgengis ehf. færa jafnóðum inn upplýsingar um ný, breytt og brottfelld lög. Allt þetta og margt fleira hefur gert Úrlausn - Aðgengi ehf. ómissandi lögfræðingum sem sem vilja fylgjast með.

“Réttarríkið” er sérhæfður gagnabanki Úrlausn - Aðgengis ehf. á Internetinu. Í bankanum má finna upplýsingar um lög en einnig í fyrsta sinn á Íslandi, “Reglugerðasafn Íslands”. Reglugerðasafnið nær yfir gildandi reglugerðir og er hannað í samvinnu við Lagadeild Háskóla Íslands. Í Réttarríkinu eru birtir nýir Hæstaréttardómar. Úrlausn - Aðgengi er í samstarfi við fjölmarga aðila sem veita upplýsingum inn í Réttarríkið s.s. Umboðsmaður Alþingis og Kærunefnd jafnréttismála.



Aðgengilegar Réttarheimildir

ÚRLAUSN Bæjarhraun 8, 220 Hafnarfjörður
AÐGENGI Sími 565-5556, Fax 565-5553
 E-mail urlausn@adgengi.is

Auka-aðalfundur L.M.F.Í. 31. október 1995

Reglur um starfsábyrgðartryggingar og fjárvörslureikninga lögmanna

Auka-aðalfundi Lögmanna-félag Íslands, sem haldinn var þriðjudaginn 31. október s.l., var fjallað um drög að reglum um starfsábyrgðartryggingar annars vegar og reglum um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl. hins vegar. Einnig hafði verið fjallað um drög þessi á almennum félagsfundum 24. og 26. október.

Á auka-aðalfundinum voru lagðar fram nokkrar breytingartillögur við upphaflegu drögin að reglunum. Verður hér lútillega gerð grein fyrir því, sem fram fór á fundinum.

Starfsábyrgðartryggingar.

Í upphaflegum drögum að reglum um starfsábyrgðartryggingar var gert ráð fyrir því að í tryggingaskyldu lögmanna fælist skylda til að leggja fram starfsábyrgðartryggingu eða bankaábyrgð fyrir hugsanlegu tjóni af völdum gáleysis- og

ásætningsbrota lögmanna eða starfsfólks hans.

Á félagsfundum þann 24. október, þar sem drög þessi voru til umræðu, voru kynntar hugmyndir um að breyta þessu, þannig að tryggingaskyldan næði einungis til þess að leggja fram tryggingu fyrir gáleysisbrotum. Var tillaga um þetta lögð fram á auka-aðalfundinum af hálfu stjórnar félagsins. Nokkrar umræður spunnust af þessu tilefni um það hver tilgangur löggjafans hefði verið, þegar málflytjendalögunum var breytt með lögum nr. 24/1995, og hvornig bæri að túlka texta laganna með hliðsjón af greinargerð með frumvarpi að breytingalögunum. Töldu sumir fundarmenn það ekki vera nokkrum vafa undirorpið hver tilgangur löggjafans hafi verið og vísuðu þar m.a. til þess páttar, sem L.M.F.Í. hefði átt í setningu lag-

anna. Einnig var vísað til orðalags greinargerðarinnar. Höfuðmarkmiðið með setningu laganna hafi verið neytendavernd og þá aðallega gagnvart hugsanlegum ásetningsbrotum lögmanna. Einnig væri markmiðið að nota tryggingarnar sem lið í því að bæta ímynd lögmannaastéttarinnar. Breytingartillaga stjórnarinnar fæli í sér verulegt frávik frá lögunum og væri andstæð þeim.

Fylgjendur tillögunnar töldu það vera andstætt meginreglum vátryggingaréttarins að menn gætu tryggt sig fyrir eigin ásetningsbrotum. Slík lagaskylda væri mjög þyngjandi fyrir lögmenn og því þyrfti lagaákvæði um tryggingaskyldu vegna ásetningsbrota að vera alveg skýrt og ótvívert. Ekki væri nóg að vísa til orðalags greinargerðar með lagaákvæðinu. Þá var á það bent að ef lögmenn yrðu skyldaðir til að kaupa sér tryggingar fyrir gáleysis- og ásetningsbrotum myndi það leiða til stórfelldrar hækkunar iðgjalda og jafnvel leiða til þess að sumir lögmenn hrökkluðust úr stéttinni og jafnframt myndi það takmarka aðgang nýrra manna í stéttina.

Í atkvæðagreiðslu um breytingartillöguna við drögin að reglunum voru 40 fundarmenn tillöggunni fylgjandi en 7 á móti. Aðrar breytingartillögur voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Drögin að reglunum, þannig breytt, voru síðan samþykkt samhljóða.

Fjárvörslureikningar lögmanna o.fl.

Í umræðum um drög að reglum um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl. komu fram fjórar breytingartillögur, þar af tvær, sem nokkrar umræður spunnust út af. Sú fyrri þeirra var tillaga frá Ævari Guð-

mundssyni, hdl., um að bætt yrði við 3. gr. reglnanna nýrri málsgrein, sem fæli í sér að lögmanni, sem annaðist innheimtu gjaldfallinna fjárskuldbindinga, væri heimilt að færa aðeins á viðskiptareikning skv. 1. mgr. 3. gr. fjárhæð, sem svaraði til innborgana á einstaka kröfu, sem væri umfram útlagðan og áfallinn kostnað vegna þeirrar kröfu. Lögmáður skyldi síðan við endanlegt uppgjör máls gera umbjóðanda sínum reikning vegna áfallins kostnaðar og þóknunar. Tillaga þessi var í upphaflegum drögum að reglunum, sem Ævar, Ingimundur Einarsson, hdl. og Bjarni Þór Óskarsson, hdl., sömdu, en hafði verið felld úr drögnum eftir umræður innan stjórnarinnar um þau. Í atkvæðagreiðslu var tillaga þessi felld með 17 atkvæðum gegn 15.

Seinni tillagan, borin upp af Gesti Jónssyni, hrl., fól í sér að löggiltur endurskoðandi staðfesti yfirlýsingu lögmanna skv. 11. gr. reglnanna um stöðu á fjárvörslureikningi í samburði við stöðu vörslufjár skv. bókhaldi. Var tillagan samþykkt með 39 atkvæðum gegn 5. Gestur lagði einnig til að d-líður 7. gr. félli niður og var það samþykkt með 30 atkvæðum gegn 9.

Að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur voru drögin að reglunum, þannig breytt, borin undir atkvæði og þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Reglurnar voru afhentar í dómsmálaráðuneytinu 1. nóvember. Þegar þetta er ritað er óvíst hvaða afstöðu dómsmálaráðherra mun taka til reglnanna, en skv. 4. mgr. 7. gr. málflytjendalaganna á hann að staðfesta þær eða hann getur, ef hann telur þær ekki veita viðskiptamönnum lögmanna nægilega vernd, lagt fyrir félagið að breyta þeim. Ef hann telur breytingar félagsins ekki fullnægjandi getur ráðherra sett reglugerð um þau atriði, sem hann telur þurfa að breyta í reglunum.

MM

ekki myndi reyna á slíkar skyldur Reykjavíkur gagnvart utanbæjar mönnum.

Þessu svari undi stefnandi illa, þar sem hann taldi þessi sjónarmið ekki málefnaleg og að brotin hefði verið á sér jafnræðisregla stjórn-sýsluréttar vegna mismununar á grundvelli búsetu. Höfðaði hann því mál til heimtu bóta. Stefnu kröfðust sýknu með þeim meginrökum, að vinnuveitanda væri frjálst að segja upp hverjum sem væri af almennum starfsmönnum sínum án rökstuðnings. Þar að auki sem engar af reglum stjórn-sýsluréttar hefðu verið brotnar.

Í dómi héraðsdóms var fallist á þau rök stefnanda, að uppsögn á þessum grunni, að láta búsetusjónarmið ráða, væri byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum og að ákvörðun byggð á þeim sjónarmiðum fæli í sér brot á jafnræðisreglu stjórn-sýsluréttar. Dæmdu dómurinn því stefndu bótaskyld. Það mun hafa verið samþykkt á vettvangi borgarstjórnar að una þessum dómi ekki heldur skjóta málinu til Hæstaréttar.

Niðurstáða þessa dómsmáls er um margt merkileg. Fyrir það fyrsta er fremur fátítt að dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að ómálefnaleg sjónarmið liggja stjórn-sýsluákvörðunum til grundvallar, að valdniðslu hafi verið beitt. Í annan stað er þetta að mínu viti fyrsti dómurinn héraðs, sem tekur af skarið um að óheimilt sé að láta búsetusjónarmið ráða í tilfelli um sem þessum. Segja má að, við val á því hverjum beri að segja upp, sé búsetusjónarmið lítið málefnalega en að segja þeim upp, sem gangi til starfa sinna í hvítum sokkum, eins og einn hæstaréttarlögmáður orðaði það. Í þriðja lagi sýnist sú velþekkt framkvæmd sveitarfélaga, t.d. við útboð verka á vegum þeirra, að láta innansveitarmenn sitja fyrir og jafnvel útiloka utansveitarmenn, tæpast fá staðist reglur stjórn-sýsluréttar.

Björn L. Bergsson, hdl. (bófundur starfar á lögmannastofu í Reykjavík).

Dómar

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. september 1995, í máli nr. E-876/1995: Gylfi Guðmundsson gegn Reykjavíkurborg og Húsnæðisnefnd Reykjavíkur.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur voru stefndu dæmd til að greiða stefnandanum bætur vegna ólögmætrar uppsagnar, þar sem uppsögn hans grundvallaðist, að mati dómsins, á ómálefnalegum sjónarmiðum.

Málavextir í örstuttu máli voru þeir, að Húsnæðisnefnd Reykjavíkur þyrfti, vegna verkefnasamdráttar, að segja upp fjórum trésmiðum í ársbyrjun 1993. Svo merkilega vildi til, að þeir trésmiðir, sem fengu uppsagnarbref, áttu það sameiginlegt að vera allir búsettir á Selfossi. Virtist þeim málið þarfnast nánari athugunar við fyrst þessar uppsagnir heindust einungis að Selfyssingum. Æmti stefnandi við borgarstjóra út af þessu og bar honum á brún að láta útsvarstekjuhagsmunir Reykjavíkur ráða því, að frekar væri sagt upp mönnum, sem greiddu útsvar til Selfoskaupstaðar. Borgarstjóri svaraði bréfi hans um hæl og bar það til baka að þeir hagsmunir hefðu verið í húfi. Sjónarmið borgarstjóra voru þau, að fjölga ekki á atvinnuleysisskrá í Reykjavík og „hverjar félagslegar skyldur sveitarfélög hafa við íbúa sína þegar á reynir.“ - Vantaði það eitt í bréfið, að tekið væri fram að

Vörumerkjaréttur - helstu meginreglur

eftir Jón L. Arnalds, héraðsdómara.

Bókin er 200 blaðsíður. Útg. Bókaútgáfa Orators. Verð kr. 3.600,00.

Svo sem heiti bókarinnar og lengd gefur til kynna verður bókin frekar að flokkast sem yfirlitsrit en sem flókið fræðirit. Höfundur hefur tekið á hendur það erfiða verkefni, að gefa stutt yfirlit yfir hið að ýmsu leyti flókna en raunhæfa réttarsvið sem vörumerkjarétturinn er. Tæpt er á flestum atriðum, er máli skipta, til að öðlast yfirsýn en þó að sýnu mest áhersla lögð á efnisleg skilyrði vörumerkjaréttar og þá sérstaklega á skilyrði fyrir skráningarháfi. Þessi efnistöð hljóta að teljast heppileg með tilliti til umfangs bókarinnar enda skilningur á þessum hluta vörumerkjaréttarins nauðsyn til skilnings á vörumerkjaréttinum í heild.

Einar Gunnarsson, hdl. (höfundur starfaði sem fulltrúi á lögmannastofu en er nú við fránhaldsnám í lögfræði í Noregi).

Faxtæki til fyrirmyndar

Laser faxtækin frá Mita taka á móti sendingum á venjulegum pappír, koma myndrænni framsetningu til skila á besta hátt, auk þess að vera búin mörgum öðrum athyglisverðum kostum.

mita

góð faxtæki

Laser faxtækin frá Mita opna ýmsa möguleika:

- Notaður er venjulegur pappír og því er hægt að skrifa á frumritið, nýta það til kynningar eða senda það áfram.
- 64 grátónar koma svart/hvítum myndum og litmyndum til skila með réttum blæbrigðum.

Viðhald er einfalt og þægilegt og lítið mál er að ráðast í fjöldasendingar vegna tæknilegra eiginleika í minni.

Möguleikarnir sem faxtæki af þessari gerð hafa fram yfir hefðbundin tæki, eru óþrjótandi og það kemur fljótt í ljós að það margborgaði sig að borga meira fyrir það.



mita FAX



Egill Guttormsson - Fjölval hf.

Mörkin 1 • Pósthólf 8895 • 128 Reykjavík
Símar: 581 2788 og 568 8650 • Fax: 553 5821